

Reykjavík, 23. október 2014

Samkomulag um sátt vegna brots N1 hf. á 87. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti

Hinn 29. ágúst 2014 gerðu Fjármálaeftirlitið og N1 hf. með sér samkomulag um að ljúka máli með sátt vegna brots félagsins á 87. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl).

Meginatriði samkomulagsins eru sem hér segir:

N1 hf. (málsaðili) viðurkennir að hafa brotið gegn 87. gr. vvl. með því að hafa ekki birt flöggunartilkynningar vegna víðskipta með bréf félagsins innan lögbundins frests.

Málsaðili fellst á að greiða sátt að fjárhæð 4.000.000 krónur.

Málsaðili staðfestir að hann hafi upplýst að fullu um málsatvik sem samkomulag þetta varðar. Þá hefur málsaðili gripið til ráðstafana til að stuðla að því að atvik sem þetta eigi sér ekki stað á ný.

Málsatvik

Hinn 3. janúar 2014 barst fjárfestatengli N1 hf. tölvupóstur frá starfsmanni Arion banka hf., þar sem spurst var fyrir um hvert ætti að senda flöggunartilkynningu vegna víðskipta bankans með bréf í félaginu, en með víðskiptunum fór atkvæðisréttur Arion banka hf. yfir 5%. Fjárfestatengillinn benti viðkomandi á að senda tilkynninguna til regluvarðar félagsins, sem sendi flöggunartilkynninguna áfram á netfangið floggun@fme.is, sem hann hafði fengið upplýsingar um að væri viðeigandi netfang flöggunartilkynninga. Auk þess var tilkynningin send á ihvidskipti@fme.is sem er það netfang sem samskipti höfðu áður farið um. Fyrir misskilning milli regluvarðar og fjárfestatengils fórst fyrir að birta flöggunartilkynninguna í fréttakerfi Nasdaq OMX Iceland. Félaginu var ekki kunnugt um þau mistök fyrr en þann 16. janúar eftir samskipti við starfsmann Fjármálaeftirlitsins.

Þann 20. mars 2014 sendi regluvarsla Arion banka hf. flöggunartilkynningu vegna víðskipta með bréf N1 hf. til Fjármálaeftirlitsins og útgefandans, en með víðskiptunum fór atkvæðisréttur Arion banka hf. undir 5%. Regluvörður N1 hf. sendi tilkynninguna áfram til fjárfestatengils, þar sem vandkvæði voru með aðgang regluvarðar og óskaði eftir að hún yrði birt tafarlaust. Fjárfestatengill var hins vegar fjarverandi á þessum tíma og náði ekki að birta tilkynninguna fyrr en tveimur dögum síðar.

Eftir ábendingu frá Fjármálaeftirlitinu sendi Arion banki hf. þann 25. mars 2014 til Fjármálaeftirlitsins leiðréttá flöggunartilkynningu vegna víðskiptanna þann 20. mars. N1 hf.

birti hins vegar ekki leiðréttá flöggunartilkynningu opinberlega fyrr en þann 27. mars kl. 12:05. Regluverði N1 hf. barst tölvupóstur með leiðrétti tilkynningu þann 25. mars en var ekki í aðstöðu til að skoða tölvupóstinn þar sem hann var í leyfi og ekki í tölvupóstsambandi. Þegar regluvörður sneri aftur til vinnu þann 27. mars barst ítrekun frá Arion banka hf. sem einnig var send til fjárfestatengils sem brást við og sendi tilkynninguna til birtingar í fréttakerfi Nasdaq OMX Iceland.

Lagagrundvöllur

Samkvæmt 1. mgr. 78. gr. vvl. ber eiganda sem aflar eða ráðstafar hlutum í útgefanda hlutabréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði að senda með sannanlegum hætti tilkynningu til viðkomandi útgefanda og Fjármálaeftirlitsins ef öflunin eða ráðstöfunin leiðir til þess að atkvæðisréttur hans nær, hækkar yfir eða lækkar niður fyrir eitthvert eftirtalinna marka: 5, 10, 15, 20, 25, 30, 35, 40, 50, 66 2/3 og 90%. Honum ber að senda tilkynninguna eins fljótt og auðið er og eigi síðar en næsta viðskiptadag eftir að flöggunarskylda stofnaðist, sbr. 86. gr. vvl.

Útgefanda ber skv. 87. gr. vvl. eins fljótt og auðið er og eigi síðar en kl. 12 næsta viðskiptadag eftir að tilkynningin berst honum að birta opinberlega allar upplýsingar sem er að finna í tilkynningunni.

Brot á 87. gr. vvl. getur varðað stjórnvaldssektum sbr. 21. tl. 1. mgr. 141. gr. laganna, og geta sektir sem lagðar eru á lögaðila numið frá 50 þús. kr. til 50 millj. kr., sbr. 3. mgr. 141. gr. laganna. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að ljúka málum vegna brota á 87. gr. vvl. með sátt enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við, sbr. 142. gr. laganna og reglur nr. 1245/2007 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka málum með sátt.

Ákvörðun sáttarfjárhæðar

Fjárhæð sáttar er ákvörðuð í samræmi við reglur nr. 1245/2007 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka málum með sátt. Samkvæmt reglunum er miðað við að afsláttur sé veittur af þeirri heildarfjárhæð sem ætla má að stjórnvaldssekt gæti numið að teknu tilliti til þyngingar- og mildunarsjónarmiða en við mat á afslætti skal litið til þess á hvaða stigi meðferð máls er þegar sátt er náð.

Við ákvörðun sáttarfjárhæðar í þessu máli hefur Fjármálaeftirlitið litið til þess að upplýsingaskylda útgefanda skv. 87. gr. vvl. er ein af grundvallarstöðum heilbrigðs og virks fjármálamarkaðar. Um leið og útgefendur fjármálagerninga taka ákvörðun um að óska eftir að fjármálagerningar verði teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, gangast þeir undir ákveðnar skyldur sem slíkir. Ein af þeim skyldum er upplýsingaskyldan skv. 87. gr. vvl.

Þá hefur Fjármálaeftirlitið litið til þess að málsaðili er einn af stærri útgefendum hlutabréfa á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi. Við ákvörðun sáttarfjárhæðar hefur jafnframt verið

litið til þess að málsaðili hefur sýnt samstarfsvilja við vinnslu málsins og játaði greiðlega brot sín.

Með hliðsjón af eðli og umfangi brotanna og atvikum máls að öðru leyti er sáttarfjárhæðin talin hæfilega ákveðin 4.000.000 krónur.

Réttaráhrif

Samkomulag þetta er gert á grundvelli 142. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og reglna nr. 1245/2007 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka málum með sátt (nú reglur nr. 728/2014).

Samkomulagið er bindandi fyrir málsaðila og Fjármálaeftirlitið þegar báðir aðilar hafa samþykkt og staðfest efni þess með undirskrift sinni. Við greiðslu sáttarfjárhæðar er málinu lokið.

Málsaðili brýtur gegn samkomulaginu ef hann t.d. greiðir ekki umsamda sáttarfjárhæð, gaf rangar upplýsingar um málsatvik eða leyndi upplýsingum sem máli skipta. Verði málsaðili uppvís af því að brjóta gegn samkomulaginu getur Fjármálaeftirlitið fellt það úr gildi og tekið málið til meðferðar á ný. Brot gegn samkomulagi um sátt telst jafnframt sjálfstætt brot sem getur varðað stjórnvaldssekt, sbr. 45. tl. 1. mgr. 141. gr. vvl.